

Auka aðalfundur Félags kvenna í atvinnulífinu

Miðvikudaginn 9. júní 2021, klukkan 17:30.

Haldinn með notkun Zoom fjarfundarbúnaðar

FUNDARGERÐ

1. Fundur settur, val á fundarstjóra og fundarritara

Margrét Njarðvík stjórnarkona FKA bauð félagskonur velkomnar og setti fundinn klukkan 17:46. Margrét fór yfir yfirlýsingu stjórnar í upphafi fundar. Elfur Logadóttir gerði athugasemd við yfirlýsingu stjórnar, sagðist ekki geta setið undir þeim fullyrðingum sem þar komu fram og sagði sig úr félaginu. Margrét stakk upp á Örnú Björk Gunnarsdóttur sem fundarstjóra og Viktori Ómarssyni sem fundarritara, enginn hreyfði andmælum. Arna tók við stjórn fundarins og útskýrði fyrir fundarkonum að þau væru ekki félagar í FKA og hefðu engra hagsmuna að gæta um niðurstöðu fundarins. Þeirra hlutverk væri eingöngu að tryggja að fundurinn færi fram samkvæmt boðaðri dagskrá, lögum félagsins og almennum fundarsköpum. Fundarboð var sent út þann 26. maí 2021. Fundarstjóri kannaði hvort einhverjar athugasemdir væru við boðun fundarins, engar athugasemdir voru gerðar og lýsti fundarstjóri fundinn lögmætan þar sem löglega var til hans boðað.

2. Tæknimál fundarins útskýrð og efni yfirlýsingar

Fundarritari fór yfir tæknileg atriði og útskýrði helstu eiginleika Zoom fjarfundarbúnaðarins sem notaðir verða á fundinum. Margrét Njarðvík fór yfir efni yfirlýsingar í upphafi fundar.

3. Kosið í gegnum Zoom um hvort eigi að endurtaka kosningu sem fram fór á aðalfundi félagsins þann 19. maí síðastliðinn.

Kosið var um hvort endurtaka ætti kosningu til formanns og stjórnar sem fram fór á aðalfundi félagsins þann 19. maí 2021. Kosning fór fram en niðurstaða þess efnis að tillagan félli á jöfnu var tilkynnt áður en lokað hafði verið formlega fyrir kosningu. Í ljósi þess var ákveðið að endurtaka kosninguna og var tillagan felld með 52% atkvæða gegn 48% atkvæða.

4. Önnur mál

- a) Sigríður Hrund Pétursdóttir ávarpaði fundinn.
- b) Irma Berenice Barrios Quinones gerði athugasemdir við framkvæmd kosninganna.

5. Fundargerð lesning og leiðrétt

Fundarritari las upp fundargerðina og leiðrétti eftir ábendingar frá fundarkonum. Fundargerðin var því næst samþykkt samhljóða.

6. Fundi slitið

Fundarstýra sleit fundi klukkan 18:44.

Sigríður Hrund Pétursdóttir
Formaður

Arna Björk Gunnarsdóttir
Fundarstýra